

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

Hvað viltu verða?

Viltu vinna við

- þróun tölvuleikja?
- þrívíddarlist?
- framleiðslu kvikmynda?
- framleiðslu margmiðlunarefnis?
- þróun hreyfimynda?
- tölvuleikjaforritun?

Við Háskólann í Norður-Prændalögum í Noregi geturðu lært allt ofangreint.

BA-nám í margmiðlunartækni eða tölvuleikjahönnun veitir þér þekkingu og færni sem stenst allar þær kröfur sem gerðar eru til fagfólks á þessum sviðum.

Námsbrautirnar hafa alþjóðlegan gæðastimpil og nýta þekkingu fagfólks um allan heim.

Námið veitir einnig góðan grunn fyrir meistaranám í ýmsum virtum háskólum, meðal annars við IT-universitet í Kaupmannahöfn.

**Opinn kynningarfundur um námið á Centerhotel Plaza,
þann 21. mars, kl. 20.00 og 21.00**





Fylgdu okkur á íslensku Facebooksíðunni okkar:

Nám í Noregi Tölvuleikjahönnun eða Margmiðlunartækni - HINT

Nánari upplýsingar um margmiðlunartækninámið: www.hint.no/mmt

Nánari upplýsingar um tölvuleikjaþróunarnámið: www.hint.no/spill

Einnig má senda deildarstjóra, Robin Munkvold, fyrirspurnir: robin.munkvold@hint.no



Það er ekki árið 2013 í Norður-Kóreu heldur hefst árið 102 í apríl þar sem Norður-Kórea miðar upphaf ártalsins við fæðingu Kim Il-sung en ekki Jesú.



**ÞARNA VAR HANNES
EKKI ORÐINN FAÐIR**



HANNES ÞÓR

Fyrstu sex: 270484.
Uppáhaldsbíómyndin: Jurassic Park.
Besti þátturinn: Arrested Development.
Fallegasti markaðurinn: Fernando Muslera, markvörður Úrúgvæ og Galatasaray. Hann er algjört krútt.

Breytti vetri í sumar

Hannes Þór Halldórsson hefur í nógu að snúast þessa dagana. Nýlega lauk hann sínu fyrsta erlenda auglýsingaverkefni, í gær eignaðist hann sitt fyrsta barn og þá mun hann líklega standa vaktina í marki Íslendinga gegn Slóveníu.

„Við höldum að þeir myndu vilja fá íslenska náttúru og jafnvel smá-snjó af því að skyrið er upphaflega frá Íslandi,“ segir landsliðsmarkvörðurinn og leikstjóri Hannes Þór Halldórsson sem í febrúar leikstýrði auglýsingu fyrir norskt fyrirtæki sem framleiðir skyr. Hannes var valinn af alþjóðlegu auglýsingastofnunni MK Norway í verkefni og hafði þar betur í baráttu við þrjá norska leikstjóra. „Þeir vildu gera hábjarta sumarauglýsingu þar sem ekkert mátti minna á vetur og ekki snjóarða sjást á götunum,“ segir Hannes og að það hafi verið hægara sagt en gert, hann og hans samstarfsmenn hafi meðal annars þurft að fara fýluféð upp á Esjuna og færa útisenu inn í Mjóddina. „Í svona verkefni þýðir fýluféð upp á Esju þrjár, fjórar þýluféðir þangað upp með alls kyns búnað en við sáum varla fjallið því þokan var svo mikil. Það var svo þegar við vorum alveg að renna út á tíma að við gáfum þessu annan séns, náðum nokkrum skotum þrátt fyrir allan snjóinn og restin var svo græjuð í eftirvinnslu,“ segir Hannes.

Vissu ekki af knattspyrnuhæfileikunum

Hannes Þór ver, sem kunnugt er, markaðurinn hjá knattspyrnuliði KR en hann á einmitt góða tengingu við Noregi í knattspyrnunni því hann var á

lánssamningi hjá Brann í Bergen í fyrravor og hélt einnig hreinu á móti Noregi í fræknum 2-0 sigri Íslendinga í september síðastliðnum. En var það lykillinn að því að hann fékk auglýsingaverkefni? „Ég hélt reyndar að það væri einhver tenging þar sem auglýsingastofan er meira að segja frá Bergen, þar sem ég bjó í fyrra. En það kom í ljós að þau höfðu ekki hugmynd um það. Ég fékk samt nokkur aukastig hjá þeim þegar það spurðist út á meðan á tókum stóð,“ segir Hannes léttur.

Nýbakaður faðir

Þúsluspilið small svo endanlega hjá Hannesi Þór í gærmorgun þegar hann eignaðist, ásamt Höllu Jónsdóttur, sitt fyrsta barn en þeim fæddist stúlka. Gærdagurinn var frídagur hjá KR og missti Hannes því ekki af æfingu og eins fer landslið Íslands til Slóveníu í næstu viku. „Það er ánægjulegt að hún hafi ekki látið biða eftir sér, daman, því þá get ég mætt og spilað landsleikinn,“ segir Hannes sem er högværðin uppmáluð þegar hann er spurður hvort hann muni standa á milli stanganna þegar flautað verður til leiks á föstudaginn. „Þú verður að spyrja þjálfarann að því en ég vona það að sjálfsgöðu,“ segir Hannes sem skiljanlega er spennastur fyrir komandi stundum með nýfæddri dóttur sinni.

Efst í huga Monitor

Það er mars í bili

Ég man ekki til þess að ég hafi haldið eitthvað sérstaklega mikið upp á mars-mánuði á mínum yngri árum. Allir í minni fjölskyldu eiga afmæli í október, nema mamma sem fagnar sínu um miðjan nóvember. Svo koma jólin en eftir það tók við eiginleg bið eftir vorinu. Vissulega gat verið gaman að fara í afmæli hjá Bjarna frænda í upphafi mánaðar og eins þá blótaði maður því ekki þegar páskaeggja-át var leyfilegt í mars-mánuði þegar svo heppilega vildi til að páskarnir voru með fyrra fallinu en þess utan var ekkert sem heillaði.

En eftir að ég fullorðnaðist komst ég að því að mars er alls ekki sem verður. Fyrir það fyrsta þá er mars mánuður ársátíðanna. Verandi skemmtikraftur um helgar þá hef ég rekið mig á það að flest fyrirtæki landsins halda sínar ársátíðir í mars. Ársátíð Árvakurs er einmitt núna á laugardaginn og þar munu starfsmenn Monitor mæta og bera af sér mikinn þokka en, um leið, valda miklum usla. Það er mikilvægt að við veitum þeim eldri aðhald í almenntri vitleysu.



Mars er svo auðvitað fyrir töluverðu síðan orðinn þekktur fyrir alla myndarlegu karlmennina sem skreytt hafa efri vör sína með misþéttu skeggi. Því ber auðvitað að fagna enda Mottumars þrælskemmtilegt og mikilvægt framtak.

Eins verður Hönnunarmars meira nú haldinn í fimmta skiptið og hefst formlega í dag. Það er virkilega gaman að sjá hvað við Íslendingar eigum marga framúrskarandi hönnuði og er ljóst að gróskan er mikil í hönnunarsamfélaginu.

Það skemmir svo ekki fyrir þennan mars-mánuðinn að rúsinan í pylsuendanum eru sjálfir páskarnir. Það er ekki amalegt eftir allt mottu-safnið, þrjónaskapinn, bútasauinn og ársátíðarstússið að slafra í sig einu, ef ekki tveimur páskaeggjum. Því miður býr Bjarni frændi í Danmörku svo ég fór ekki í neitt afmæli þetta árið en það breytir því ekki að mars er bara þessi líka fíni mánuður sem vert er að hlakka til.

Ykkar einlægur, Jón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafiðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR HERRAMENN

Það getur verið erfitt að vera karlmaður. Ekki nógu með að þeir þurfi að kunna að lyfta hlutum heldur þurfa þeir í dag líka að kunna að klæða sig. Því er upplagt fyrir alla þá sem vilja ná góðum árangri í karlmanns-tískufræðunum að heimsækja reglulega blogg-síðu tísku-spekúlantsins Sindra Snæs Jenssonar, www.sindrijensson.com, því hann veit svo sannarlega hvað hann syngur þegar kemur að smekklefum klæðnaði.



FYRIR TÍSKUKETTI

Hönnunarmars nær hámarki um helgina þegar margir skemmtilegir atburðir fara fram. Toppnum er svo líklega náð þegar **tískusýningin á Reykjavík Fashion Festival, RFF**, fer fram í Hörpu. Tískuhátíðahöldin hefjast klukkan 11.00 og geta gestir séð nýjustu línur og strauma frá hönnuðum á borð við Andersen & Lauth, Rey, Huginn Muninn, Farmers Market, Jör, Ella og samstarfsverkefni 66°N og Munda.




Vikan á facebook




Annie Mist Þórisdóttir
Just came to NY... Soooo tired, but really excited about tomorrow! =) 13. mars kl. 03:16



Jóhannes Haukur Jóhannesson
Ég ber ekki ábyrgð á gjörðum mínum þegar frúin bakar eplakökuna hennar tengdó. Ég sit nú útbeldgur af glúteini og sykrí, samblanda af vel- og vanlíðan. Ég átti ekki rétt á þessu en þetta var svo gott. #firstworldproblems #oa 11. mars kl. 23:17



Valdimar Guðmundsson
Smá tip fyrir ykkur göngu-garpana: Ég hef komist að því að ef maður fer í göngutúr og er í spreng nánast allan tímann, þá labbar maður töluvert hraðar en venjulega. 11. mars kl. 22:39



Friðrik Dór Jónsson
ó sjomleh! 8. mars kl. 20:44



Steinþór Helgi Arnsteinsson
Of Monsters and Men+mugison - Sigur Rós - Ólafur Arnalds - Snorri Helgason+John Grant með tónleika á tæpri viku hér í Londres allra landsmanna. Áfam Ísland! 7. mars kl. 13:46

FEITAST I BLAÐINU

4 Seinni undanúrslita-keppnin í Gettu betur fer fram á laugar-dagskvöld.



6 Freyr Árnason, tók saman tónlist-armenn sem setið hafa á bak við lás og slá.



8 Goð-sögnin Stebbi Hilmar hefur verið frontmaður Sálarnnar í heil 25 ár.



14 Hæba Fjalars segir leðurbuxur alltaf henta. Stíllinn kíkta í fataskápinn hjá henni.



ALDREI OF SEINT



Monitor heldur áfram þessa vikuna að kynna til leiks þá 8 keppendur sem komust í úrslit í Ljósmynda-keppni Íslands sem hefst á Skjá einum fimmtudaginn 28. mars. Jóhann Smári og Guðbjörg eru elstu keppendurnir og sanna það að það er aldrei of seint að elta drauminn sinn. Það verður gaman að sjá hvernig þeim reiðir af í þáttunum þar sem þau leysa hin ýmsu verkefni.

JÓHANN

Nafn: Jóhann Smári Karlsson.
Fyrstu sex: 300661.
Uppruni: Breiðholtið.
Staða: Málarameistari.
Maki: Já.
Æskudraumur: Að verða atvinnumaður í knattspyrnu.
Framtíðardraumur: Að verða listrænn ljósmyndari. Mynda fólk í sínu eigin umhverfi á þann hátt sem ég sé það.
Fyrirmynd í lífinu: Jesús.
Fyrirmynd í ljósmyndun: Fyrirmyndirnar mínar í ljósmyndun væru helst allir gömlu góðu listmálararnir sem ég lærði um þegar ég var á listasviði FB á sínum tíma. Ef ég ætti að nefna einn ljósmyndara sem hefur haft áhrif á mig þá væri það hann RAX, Ragnar Axelsson.
Ef ég væri ljósmynd væri ég: Hef ekki ennþá séð þá ljósmynd, en ég mundi örugglega þekkja hana ef ég sæi hana.

GUÐBJÖRG

Nafn: Guðbjörg Halldórsdóttir.
Fyrstu sex: 260369.
Uppruni: Ég er ættuð vestan að fjörðum og alin upp í Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu frá fjögurra ára aldri.
Staða: Þjónustufulltrúi hjá DK.
Maki: Þórbergur Egilsson.
Æskudraumur: Ballerína eða skautadrottning sem er alveg sérlega myndin staðreynd fyrir þá sem þekkja mig. En svona hugsar maður stórt á meðan sálin er ómenguð.
Framtíðardraumur: Að geta notið núsins enn betur en ég geri í dag og að opna enn betur fyrir flóðgáttir sköpunarkraftsins.
Fyrirmynd í lífinu: Enginn sérstakur einstaklingur en mér þykja ákveðnir eiginleikar í fari fólks til fyrirmyndar eins og einlægni, heilindi og kjarkur til að tjá sig á skapandi máta.
Fyrirmynd í ljósmyndun: Margar og breytlegt hverjar eftir því hvar fókusinn er í það og það skiptið.
Ef þú værir ljósmynd hvaða ljósmynd værir þú? Einhver dásamlega falleg mynd tekin á fyrri hluta tuttugustu aldar.


14 dagar
 í fyrsta þátt


VERZLÓ

Nafn: Gísli Þór Þórðarson.
Fyrstu sex: 020293.
Sérþekkingarsvið: Rússnesk tónskáld sem létust árið 1953 og lemúrar sem lifa villtir utan Madagaskar.
Staða á borði: Stoltur sit ég í miðjunni
Draumastuðningslag: Aldrei annar Gísli Þór.

Edda Hermanns í fimm orðum: Ef þetta er rétt þá...
Hversu hratt hugsar þú? Svo hratt að ég þarf helst að hita upp áður en ég byrja, annars fer allt í rugl.
Af hverju mun þitt lið vinna Gettu betur? Af því að við höfum borðað meira af rusl-fæði en allir aðrir samanlagt.

Nafn: Úlfur Þór Andrason.
Fyrstu sex: 230794.
Sérþekkingarsvið: Borgar-skipulag Addis Ababa frá og með 19. öld og Bretlandsfor-setar í gegnum tíðina.
Staða á borði: Hægri kantur.
Draumastuðningslag: Power með Kanye West.
Edda Hermanns í fimm orðum:

orðum: Dóttir óskabarns Íslands og sæt.
Hversu hratt hugsar þú? Ég veit það ekki, en mig grunar að það sé hraðar en lamadýr eru fær um.
Hvernig er mórallinn í liðinu? Góður, það er þegar við erum ekki að skylmast með herðatrjám.



Nafn: Axel Helgi Ívarsson.
Fyrstu sex: 250195.
Sérþekkingarsvið: Ég er aðallega með sögu svissneska hersins, þá sérstaklega sjóhersins, og myndir talsettar af Felix Bergssyni. Síðan má ekki gleyma múmínálfunum.
Staða á borði: Vinstri útherji en get líka leyst af vinstri kant.
Draumastuðningslag: Draumurinn myndi rætast ef hægt væri að ná að gera stuðninglag úr laginu Save the world með sænsku húsmáfíunni.
Edda Hermanns í fimm orðum: Orð fá henni ekki lýst.
Hversu hratt hugsar þú: 6,4 orð á sekúndu, mælt með skeiðklukku.

2 skref að hljóðnemanum

MH er komið í úrslit í **Gettu betur** og á laugardagskvöld mætast **MR** og **Versló** í seinni undanúrslitum.

Nafn: Grétar Þór Sigurðsson.
Fyrstu sex: 230993.
Sérþekkingarsvið: Bílar, gatnakerfi og veðrið.
Staða á borði: Hægri kantur.
Draumastuðningslag: Shine on You Crazy Diamond.
Edda Hermanns í fimm orðum: Hún er bara rosa fin.
Uppáhaldsspurning í keppinni til þessa: Surtarbrandsspurningin.
Uppáhaldsspurningaform: Vísbendingaspurningar, því þar sést hverjir hafa þakkað upp minnstu smáatriðin og hverjir ekki.
Hversu hratt hugsar þú? Greinilega ekki nógu hratt til að finna gott svar við þessari.
Hvernig er mórallinn í liðinu? Bara góður, enginn skítamóral hér.



MR

Nafn: Þorsteinn Gunnar Jónsson.
Fyrstu sex: 180293.
Staða á borði: Miðja.
Draumastuðningslag: Crytch (Christmas bytch) með bustinBytches er topplag og líklega það besta sem hefur komið frá þeim til þessa. Væri ekki ónýtt ef þeir gæfu út

nýtt jólaglag fyrir næstu jól, þeir virðast kunna þá list.
Edda Hermanns í fimm orðum: Dra uma spyr ill inn.
Uppáhaldsspurning í keppinni til þessa: Ef það væri spurt um bustinBytches.
Hvernig er mórallinn í liðinu? Alltílagi, nema ég fæ aldrei þítsu.

Nafn: Grétar Guðmundur Sæmundsson.
Fyrstu sex: 141194.
Sérþekkingarsvið: ABBA.
Staða á borði: Vinstri vængur.
Draumastuðningslag: Waterloo.
Edda Hermanns í fimm orðum: Róar taugar stressaðra keppenda vel.

Uppáhaldsspurningaform: Vísbendingaspurningar. Flest stig í boði í þeim.
Hversu hratt hugsar þú? Mér hefur oft verið líkt við örgjörva í tölvu.
Hvernig er mórallinn í liðinu? Mórallinn er ágætur, þó ríkir mikil sundrun í ákveðnum efnum eins og vali á þítsu.



FÖGNUM 20 ÁRUM Á ÍSLANDI

GEGGJUÐ AFMÆLISTILBOÐ
TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



BUXUR 2490



TUNIKKA 2990



TOPPUR 1990



BLÚSSA 1490



PEYSA 2990



PEYSA 1990



BOLUR 990



KJÓLL 2990



TOPPUR 1490



PEYSA 2490



KJÓLL 990



KJÓLL 1990



TOPPUR 1490



BOLUR 1490



BOLUR 1490

VERO MODA®

KRINGLAN | SMÁRALIND | FACEBOOK.COM/VEROMODAIceland | VEROMODA.COM | 

1

LIL' WAYNE

Dómur: 8 mánuðir.

Glæpur: Ólöglegur vopnaburður.

Ár: 2010.

Litli Wayne var handtekinn í tónleikarútu sinni í New York með ólögleg skotvopn á sér og sendur í fangelsi. Hvers vegna hann var ekki bara með skráða byssu er undarlegt og ennþá heimskulegra að gangast við því að eiga byssuna. Menn eins og Lil Wayne eru með fullt af gæjum í vinnu sem hafa það eina hlutverk að vera þarna og bera á sér eiturlyf. Af hverju hann lét ekki bara einn af þessum tindátum taka á sig sökina er undarlegt og sýnir í rauninni að hann hafi einfaldlega viljað sitja inni.

Fimm tónlistarmenn í fangelsi

Fólk á það til að halda að frægð, frami og peningar séu sælan ein. Með þessari heilögu þrenningu hverfi öll hversdagsleg vandamál. En viti menn, ríki maðurinn á líka við sín vandamál að stríða þótt ótrúlegt megi virðast. Hér eru nokkrir þekktir tónlistarmenn sem hafa þurft að dúsa inni fyrir misalvarlega glæpi.



Óttar Snædal

borgar félagi sínum fyrir kaffi



2

PARIS HILTON
Dómur: 45 dagar.
Glæpur: Ölvunarakstur.
Ár: 2007.

Einhverjir eru eflaust að hugsa hvað er Paris Hilton að gera á þessum lista? En eins og allir ættu að vita gaf hún út plötuna Paris árið 2007 sem gaf af sér hvern hittarann á fætur öðrum. Paris sat inni í tvo daga en það var nóg til að fangelsistjórinn fengi nóg og sendi hana heim í stofufangelsi. Dómarinn breytti því þó eftir nokkra daga og sendi hana aftur í steininn þar sem hún sat í 23 daga í það heila. Ég veit ekki með ykkur en ég get ímyndað mér að vistin hafi verið meiri refsing fyrir samfanga hennar en hana sjálfa.



4

T.I.
Dómur: Árs stofufangelsi og 1.500 klukkustundir af samfélagsþjónustu.
Glæpur: Kaup á ólöglegum vélbyssum.
Ár: 2008.

Árið 2007 var T.I. ásamt konu sinni á leiðinni á BET-tónlistarverðlaunin. Á leiðinni var að sjálfsgöðu stoppað við nærliggjandi verslunarmiðstöð þar sem T.I. þurfti nauðsynlega að festa kaup á þremur vélbyssum og öðrum aukahlutum. Því miður fyrir okkar mann var seljandinn starfsmaður lögreglunnar og var T.I. því handtekinn á staðnum. Það er nóg heimskulegt að telja sig þurfa nóg af vélbyssum og enn heimskulegra að fara að kaupa þær sjálfur.



3

OL' DIRTY BASTARD

Dómur: 2-4 ár.
Glæpur: Flúði úr meðferð eftir að hafa verið dæmdur fyrir mörg minniháttar brot.
Ár: 2000.

Ol' Dirty Bastard var magnaður gaur. Sakarskráin hans var með öllu fáránleg, sérstaklega með tiliti til þess að hann var múlti-milljóner. Afbrotin voru oft ekki alvarlegri en að ræna þúsund króna strígaskóm eða pissa á almannafæri. Þegar hann var dæmdur fyrir uppsafnaða glæpi og skikkaður í eiturlyfjameðferð innan fangelsismúra ákvað hann að flýja. Hann var mánuð frjál, tók upp lög, tók lagið á Wu-Tang-tónleikum í munka-galla og var loks handtekinn á McDonalds af öllum stöðum.

Það getur stundum verið erfitt að vera faðir gangsta rappsins, sérstaklega þegar kemur að því að borga umferðalagasektir. En nokkrum árum áður en gangsta rappið varð að því sem það varð sat Dr. Dre inni fyrir ógreiddar sektir, eitthvað var hann orðinn þreyttur á vistinni og hringdi því í mann úr hverfinu sem hann vissi að ætti peningana til að borga sig út. Þessi sami maður gerði við hann samning, að ef hann borgaði Dre út úr fangelsinu myndi hann semja tónlist fyrir útgáfufyrirtæki sem hann væri að stofna. Þessi maður var Eazy-E sem stofnaði ásamt doktornum N. WA upp úr þessu og úr varð að rapptónlist er það sem hún er í dag. Ef ekki væri fyrir þetta „bail out“ Eazy-E væri enginn Snoop Dogg, enginn Eminem og síðast en ekki síst væri enginn með headphones inni á skemmtistað í dag.



5

DR. DRE
Dómur: 2 vikur.
Glæpur: Ógreiddar hraðasektir.
Ár: 1985.

„Ég legg kaffið bara inn á símanúmerið þitt“

Nú býðst viðskiptavinum Landsbankans ný leið til að millifæra. Það eina sem þarf er netfang eða farsímanúmer viðtakanda, sem getur verið í hvaða banka sem er. Kynntu þér snjallgreiðslur á landsbankinn.is eða á farsímavefnum L.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Á MILLI LÍNANNA

Hver er orginal?

Fjölmargir. Til dæmis Jónas Hallgríms. Einnig Einar Ben., sem og Rúni Júl. Bo er orginal. Og Laddi. Jens Hansson líka. Og fleiri, hver á sinn hátt. Svo er bara til einn Jakob Frímann.

Hefur þú einhvern tímann mætt í parti með kanínu?

Eitt sinn færði ég frænda páskaegg í kanínulíki. En það var afmæli, trauðla parti.

Eru til dæmi um að skyrta úr leðurlíki hafi breytt lífi einhvers?

Líklega. En varla til betri vegar.

Hefur það einhvern tímann verið jólahjól?

Ég hef gefið jólahjól. Fleiri en eitt. En aldrei fengið sjálfur.

Lífið heldur áfram – til hvers?

Lífið hefur verið mér gott. Vonandi gefst mér tími til að njóta þess mun lengur.



lifa með þjóðinni og ná kannski að lifa mann sjálfan. Það er einna helst það sem mestu skiptir þegar upp er staðið, að maður skilji eitthvað eftir sig í hjörtum fólks.

Ég hef þó velt einu fyrir mér, er ekkert fyndið að tveir menn syngi ástaróð til einnar konu?

Hann hafði reyndar leikið þann leik áður, með Álfheiði Björk. En ef ég man rétt, þá spurði ég Eyfa á sínum tíma hvort þarna væru tveir menn að bitast um ást sömu konunnar. En hann sagði textann óð til látinnar konu sem birtist elskunni sinni aðeins í draumum. Það fannst mér jafnvel enn skrytnara (hlær). En svo þældi ég ekki meira í því og söng þetta bara með bros á vör.

Ég minnst þess aldrei að hafa séð þig spila á hljóðfæri opinberlega en þú hefur engu að síður samið allmörg lög. Hvernig hljóðfæraleikari ert þú?

Ég er ómögulegur hljóðfæraleikari. Kann sama og ekkert. Ég fékk hljómborð í fermingargjöf og fór á námskeið, en gaf mig samt lítið að því, var uppteknari af boltanum. Svo fékk ég kassagítar þegar ég var sextán ára, en entist ekki við að æfa mig á hann, varð illt í puttnum og svona (hlær). En ég á gott með að semja lög með öðrum ef svo ber undir og hef gert nokkuð af því, ég sem laglínur og á gott með að móta og leiða áfram lög. Annars hefur maður verið í samstarfi við prýðilega og duglega lagasmiði, þannig að ég hef sjaldan verið á flæðiskeri staddur með lög. Ég hef auðvitað samið fjölmarga texta, en er fyrst og fremst söngvari og læt mig það mestu varða.

Þú lékst sjálfan þig í Dagvaktinni í senu þar sem persónan Ólafur Ragnar reyndi á nokkuð ágengan hátt að fá þig til að spila á kvöldvöku þegar þú áttir að vera í fríi. Lendirdu oft í álíka aðstæðum í alvörunni?

Já, það hefur oft komið fyrir. Maður reynir bara að lesa aðstæður hverju sinni, en yfirleitt er ég voðalega feiminn og afar sjaldan gíraður í slíkt. Mér finnst þó að dregið hafi aðeins úr þessu hin seinni ár, mögulega er það Ólafur Ragnar að kenna eða þakka (hlær).

Ég þykist vita að þú sért gallharður Arsenal-maður. Hvenær byrjaðir þú að halda með Arsenal?

Mamma mun hafa verið í London sumarið '71 og fór þar inn í íþróttavörverslun til að kaupa fótboltabúning á strákinn. Afgreiðslumaðurinn spurði hvaða lið hún vildi, en hún hafði ekki skoðun á því og spurði á móti hverjir væru bestir. Þá dró hann fram búning Arsenal,

sem þá voru tvöfaldir meistarar. Þegar heim kom var nafn liðsins gleymt. Það tók mig nokkra mánuði að komast að því, það var bara lítil fallbyss á treyjunni og þetta var nokkru áður en margmiðlun og „gúgg!“ komu til. Síðan hef ég haldið með þessu liði. Lengi býr að fyrstu gerð.

Þá er mér sagt að þú sért sleipur í vefsíðuhönnun og annarri tölvuvinnu. Hefur þú eitthvað lært í þeim efnum?

Ég verð nú að draga mjög úr því. En ég fékkst samt nokkuð við það í árdaga internetsins, enda hef ég lengi verið áhugamaður um tölvur og grafík, en það litla sem ég kann er sjálfært. Þetta er mest hobbý hjá mér, ég hafði gaman að því að HTML-a, það er svolítið eins og að hekla og minnti mig svolítið á tölvukúrsa í BASIC sem ég tók í Kvennó á sínum tíma, þegar almennings-tölvur voru nýtilkomnar. Í Kvennó kynntist ég Apple og Macintosh-tölvunum, þeim fyrstu sem hingað komu og hef haldið tryggð við Apple upp frá því. Ef ég hefði ekki farið út í tónlist, þá þætti mér líklegt að ég hefði starfað við tölvugrafík.

Afmælinu verður fagnað formlega með afmælistónleikum í Vodafone-höllinni 23. mars næstkomandi. Við hverju má bakland Sálarrinnar búast?

Það væri gaman að ná upp svipaðri stemmningu og var á 20 ára tónleikumunum, þótt vissulega verði þetta mun minna í sniðum núna. Það var eitt skemmtilegasta Sálargigg allra tíma, eitt stórt og villt party. Við munum tjalda því sem til er og fáum til liðs við okkur valinkunna aðstoðarmenn. Með okkur verða nokkrir gestasöngvarar sem eiga það sameiginlegt að vera yngri en við, en eru þó allt frá reynsluboltum yfir í nýgræðinga. Og svo dúkka kannski upp leynigistir.

Ekki það að ég óski ykkur þess að hætta, en hvenær verður Sálin sálug?

Það styttest nú í það með hverju árinu (hlær). Til að byrja með hélt maður að þetta yrði eitt sumar, síðan kannski nokkur misseri, ef til vill fimm ár og svo framvegis. En það hefur alltaf lifað einhver glóð í þessum armi okkar og á meðan fólk vill hlýða á tónlistina og við höfum gaman af þessu, höldum heilsu og þolum hver annan, þá er óþarfi að hætta þessu alveg. Það segir sig þó sjálf að þetta gengur ekki endalaust. En maður er í raun engu nær um það hvenær þetta endar alveg, hvorki núna né fyrir 25 árum.

KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft aftur og aftur: Cinema Paradiso.

Myndin sem ég felli tár yfir: Sú sama.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Stúdentmyndin af mér.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Byssurnar í Navarone og Star Wars.

Versta mynd sem ég hef séð: Reyni að leggja ekkert neikvætt á minnið. Held áfram.



TÓNLIST

Lagið í upphaldi þessa stundina:

Hlusta mest á eldri tónlist, en á útvarp í bílnum. Rétt áðan hlýddi ég á „O Mio Babbino Caro“ í flutningi Dísellu sem er frábært. En ég er líka svag fyrir góðu poppi. Í dag heyrði ég t.d. „Troublemaker“ með Olly Murs. Það er skemmtilegt. Einnig er ég ánægður með Retro Stefson, Jón Jónsson og svo mætti lengi telja.



Lagið sem kemur mér alltaf í gott skap: Til dæmis hið hollenska Ding-a-dong, Eða Lay Down, Stay Down með Deep Purple. Og Keyrumettigang.

Lagið sem ég fila í laumi: Ég ber ekki kinnroða gagnvart neinu, fila allskonar tónlist.

Nostalgíulagið: Öll Abbey Road-platan. Og Sgt. Pepper's. Sömmuleiðis Jesus Christ Superstar eins og hún leggur sig.

Lagið sem ég syng í karóki: Galveston með Glen Campbell.

FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Kalkúnn tengdamóður minnar.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Kannski hrökkbrauð og bíómjól með bönunum?

Versti matur sem ég hef smakkað: Ostrur. En það er varla matur.

Líkamsræktin mín: Er húðlatur við líkamsrækt. En ætla að vera duglegur að hjóla í sumar.

Stoltasta augnablikin á íþróttuferlinum mínum: Stulla-meistaratitillinn í golfi árið 2006.



Stefán skryðist hér upphaflega Sálarrakkanum, sem er, ef glögg er skoðað, orðinn ansi slitinn.

Ef ég hefði ekki farið út í tónlist, þá þætti mér líklegt að ég hefði starfað við tölvugrafík.

LJÓSMYNDAKEPPNI ÍSLANDS

VERTU MEÐ
Í FJÖRINU

595 6000
www.skjareinn.is



Ingrid



Ada



Oddvar



Jóhann



Snorri



Guðbjörg



Hulda



Helgi



E EIMSKIP
YFIR HAFID OG HEIM

HEFST 28.MARS

Farðu inn á mbl.is og spreyttu þig á sama myndefni og keppendur. Stórglæsileg verðlaun.

mbl.is



SKJÁREINN

Það er alltaf tilefni fyrir leðurbuxur

Stíllinn kíkti í heimsókn til **Hebu Fjalarsdóttur**, nítján ára MS-ings. Með skólanum starfar Heba í Gallerí 17 en hún hefur mikinn áhuga á tísku og eru tiskubloggarar á Norðurlöndunum í uppáhaldi hjá henni.

Hver er Heba? 19 ára stelpa úr Vesturbænum sem er að ljúka við stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund í vor. Instagram- og matarfékkil, en ég á það einmitt til að blanda þeim áhugamálum saman. Fata- og skósafrani, hundasjúk og langar að sjá allan heiminn.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Hann fer eftir því hvernig skapi er ég í á morgnana, en skapið fer eftir því hvenær ég á að mæta í skólann. Suma daga er stíllinn minn mjög afslappaður, stundum kannski aðeins of afslappaður. Aðra daga reyni ég að hafa mig aðeins meira til. Þröngar buxur, stórir bolir eða peysur og þægilegir skór eru það sem ég endað oftast í. Annars er ég líka mjög hrifin af leðurbuxum í öllum litum og gerðum – það er alltaf tilefni fyrir leðurbuxur.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku? Já ég geri það. Ég horfi mikið í kringum mig og skoða hverju aðrar stelpur klæðast og ég gæti eytt heilu dögum inná tiskubloggunum, sérstaklega hjá bloggurunum frá Norðurlöndunum, þær eru í uppáhaldi.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Gina Tricot, Weekday, Monki, Gallerí 17, Topshop og Urban Outfitters. Þess utan er ég orðin mjög flink í að panta fót á netinu.

Hver hafa verið þín verstu tiskumistölk? Ætli það hafi ekki verið nude-lit aða mjaðmasíða úlpan mín úr Motor. Við hana fór ég svo í gallabuxur sem áttu að vera þröngar en voru eins og pokabuxur, brúna Kawasaki-skó og

gráa Sparkz-peysu. Ofan á þetta allt var ég með skátöpp og óhemju mikið af styttum í hárinu, þetta kallaðist "to go with the flow".

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku? Þegar vetur er að bresta á og maður getur loksins byrjað að hlaða á sig mörgum lögum af fötum. Þá loksins hætti ég að forðast skæru sumarlitina og get byrjað að njóta mín í dökkum litum.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnunum fyrir vorið? Leðurbuxur, þunna kápu, skater-pils, sólgleraugu, glimmersokka og strigaskó. Allavega eitthvað af þessu.

Hver er best klædda kona í heimi? Olivia Palermo, Alexa Chung, Olsen-systurnar, Trine Kjær og Ulrikke Lund eru nokkrar sem koma til greina. Þetta er of stór titill fyrir mig til þess að gefa einni konu.

Er eitthvað skemmtilegt á döfninni hjá þér? Ég ásamt vinkonum mínum sitjum í skemmtinefnd MS og það styttest í að við höldum okkar síðasta ball og segjum stuttu síðar af okkur í nefndinni. Í framhaldi af því er útskrift í maí. Í júlí fer ég svo á Wireless Festival í London og sé nokkra af uppáhalds tónlistarmönnum mínum.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar? Ég myndi fá mér broskall með brotna tönn undir aðra hvora stóru tánna til þess að standa við loforð sem ég gerði við vinkonu mína þegar að hún braut tönn á skemmtistað í útskriftarferðinni okkar í sumar.



UPPÁHALDS
PEYSA: MINUSEY.COM
BUXUR: GINA TRICOT
SKÓR: DR. MARTENS
ÚR: MICHAEL KORS



SKÓLADRESS
BUXUR: H&M
PEYSA: WEEKDAY
TOPPUR: URBAN OUTFITTERS
KÁPA: TOPSHOP
SKÓR: GS SKÓR
BELTI: H&M



SPARI
BOLUR: WEEKDAY
BUXUR: WEEKDAY
BELTI: GINA TRICOT
SKÓR: URBAN OUTFITTERS
HRINGIR: H&M



HVERSDAGS
BUXUR: TOPSHOP
SKÓR: FOOTLOCKER
NETABOLUR: GINA TRICOT
BOLUR: GINA TRICOT
PELS: CHICY.SE

Myndir/Golli



Stjörnustríð

Alicia Keys vs. Gwyneth Paltrow
Þær Alicia og Gwyneth eru glæsilegar í þessum sjóðheita Michael Kors-kjól. Gwyneth ákvað að stytta kjólinn örlítið sem gerir heildarútlit þökkafyllra og er hún heldur ekkert að flækja málin með hálsmeni eins og Alicia.

Elizabeth Olsen vs. Ashlee Simpson
Litla systir Olsen-tvíburanna hefur ekki síðra tiskuvit en systur hennar. Hún þúllar þetta flotta, síða leðurpils mjög vel, í plein bol og hvítum bleiser við. Ashlee heillar ekki Stílinn með þessum bol og þessari hárgreiðslu.

Emma Stone vs. Freida Pinto
Hin hressa og skemmtilega Emma lítur vel út í þessum Burberry-töpp og parar hann fallega saman við grænt pallfettupils. Gullfallega Freida nær hins vegar ekki alveg að heilla í þessum buxum, þær eru hálf-klaufalegar og óklæðilegar á henni.

Emily Blunt vs. Katy Perry
Þessi gullfallega Alexander McQueen-kjöll klæðir þær skvísur mjög vel. Katy hefur hárið liðað en Emily tekur hárið plein aftur og leyfir þar með hálmáli kjólsins að njóta sín. Látlausu förðunin passar líka mun betur við kjólinn en dökka förðunin hennar Katy.



FYRIRSÆTURNAR ERU HVER ANNARRI GLÆSILEGRI



NÓG AÐ GERA Í MÁTUNINNI



HÉR ER ALLT TIL ALLS

Mýndir/Ingimar Flóvent

Reykjavík Fashion Festival 2013

Nú stýttist óðum í Reykjavík Fashion Festival en hátíðin fer fram núna á laugardaginn í Hörpu. Hönnuðirnir sem koma til með að sýna á hátíðinni eru Andersen & Lauth, REY, Huginn Muninn, Farmersk Market, JÖR by Guðmundur Jörundsson, ELLA og Mundi 66°North. Síðustu helgi kíkta Stúllinn í máttun fyrir sýningarnar

og var mikil spennan og tilhlökkun í loftinu. Þar voru saman komnir hönnuðirnir ásamt fyrirsetum, stílistum, förðunar- og hárgreiðslufólki í fremsta flokki og voru þau að leggja lokahönd á heildar-útlit sýninganna. Stúllinn er því sannfærður um að sýningargestir eiga von á góðu næstkomandi laugardag.



Maskari og eye-liner í lit
Þetta sumarlega og skemmtilega trend verður vinsælt í vor. Verið óhræddar við að prófa, þetta kemur oft virkilega vel út.

Ljúft og litríkt í sumar



Pastel-litaðar neglur
Pastel-litirnir verða áberandi í vor og sumar í naglalökkunum. Það er því um að gera að fjárfesta í nokkrum fallegum fyrir vorið.



Nude-varir
Dökkar varir hafa verið vinsælar í haust og vetur, en með vorinu munu sterku litirnir vikja fyrir nude-litnum.

GLÆSILEGT ÚRVAL GJAFAVARA

TETRIS HEAT CHANGING MUG 1.990,-

HALFPINT 3.290,-

HOPSIDE DOWN 3.490,-

FILL ER UP 3.290,-

IPHONE HULSTUR 1.990,-

VÍNIL GLASAMOTTUR 2.790,-

LAUGAVEGI 32 562-6600

KRINGLAN 822-9077

SMÁRALIND 571-1122

NÝ SENDING

new balance **NB**

01. NB 19.995 kr. 02. NB 22.995 kr. 03. NB 19.995 kr. 04. NB 19.995 kr. 05. NB 19.995 kr. 06. NB 19.995 kr

Kringlan s. 512 1760 | Smáralind s. 512 7700 | ntc.is | erum á [facebook](#) **gs skór**

Leikstjórinn **Niels Arden Oplev** færði okkur meðal annars *Karlar sem hata konur* en **Dead Man Down** er Hollywood-frumraun hans og hans fyrsta mynd á ensku.

Þáskaleikur HELKO



ADALVINNINGUR!
TOSHIBA
40"
FLATSKJÁR

TOSHIBA 40"
SJÓNVARP
FULL HD
200HZ AMR
ACTIVE 3D
DLNA - SMARTV - YOUTUBE
VÖRUNN: 40TL963N



9. HVER VINNUR!
FJÖLDI
AUKAVINNINGA



PS3
LEIKJATÖLVA

ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ EST PAK Á NÚMERIÐ 1900 ÞÚ FÆRD SPURNINGU OG SVARAR MEÐ SMS ESL A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900.

Geggjaðir aukavinningar!

PS3 tölva · Tölvuleikir · *The Croods* Þáskægg nr. 4 frá Nóa Sirius með 2 stk. bíómíðar á *The Croods* (Frumskýnd 27. mars) Kippur af Pepsi, Malt eða Appelsín · DVD myndir ...og margt fleira!

*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 3. apríl 2013. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 30. mars 2013



EINFALDEGA LEGRA VERÐ

Lindum - Skeifunni - Granda - Vefverslun - Sími 544 4000 - Símsala 575 8115



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Dead Man Down

Victor er morðingi sem starfar fyrir alræmdan glæpaforingja, Alphonse Hoyt, en á um leið harma að hefna fyrir dauða fjölskyldu sinnar. Í honum blundar sterk hefndarþrá sem hann ætlar sér að fá útrás fyrir þótt síðar verði. Dag einn hittir hann Beatrice, nágranna sinn, og í ljós kemur að hún hefur verið að fylgjast með honum og veit hvað hann gerir. Því til sönnunar sýnir hún honum upptöku af því þegar Victor myrðir eitt af fórnarlömbum sínum með köldu blóði. En Beatrice hefur ekki í hyggju að koma upp um Victor heldur þvingar hann til að hjálpa sér að hefna sinna eigin harma. Á sama tíma dragast þau hvort að öðru eins og segull að stáli og úr verður eldfim blanda ástar, haturs og hefnda sem getur ekki endað öðruvísi en með uppgjöri.

Leikstjórinn: Niels Arden Oplev.
Aðalhlutverk: Colin Farrell, Noomi Rapace, Dominic Cooper, Terrence Howard, Isabelle Huppert og Armand Assante.
Langd: 110 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Egilshöll, Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Króksbío, Bíóhöllin Akranesi og Ísafjarðarbío.



TÖLVULEIKUR



Tomb Raider
AAAAA
Tegund: Hasarleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Square Enix
Dómar: Gamespot 8,5 af 10 / IGN 9,1 af 10 / Eurogamer 8 af 10

Drake á ekki breik

Það varð andvarp í hópi tölvuleikjanörða árið 1996 þegar hin brjóstgóða og grjótharða Lara Croft steig fyrst fram á sjónarsviðið í leiknum Tomb Raider og sló hún strax í gegn, enda eins og sköpuð fyrir markhópin, bæði hvað varðar líkamsbyggingu og karakter. En ástarsambandið við Lóru hefur verið slitrótt í gegnum tíðina og hefur maður oft reitt hár sitt, sérstaklega í síðustu leikjunum, enda voru þeir algjörlega sálarlausir og áttu bara að selja útá brjóstbirtuna. En nú er öldin önnur, því að á dögnum kom út nýr Tomb Raider-leikur sem heitir einfaldlega bara Tomb Raider og er í raun algjör endurræsing á þessari seríu. Leikurinn byrjar þar sem Lara strandar ásamt félögum sínum á eyju og áður en langt um líður komast þau að því að eyjan er full af illmennum og fjársjóðum. Semsagt himnaríki fyrir Lóru Croft. Nýja Lara Croft er fáránlega hörð og minnir stundum á Kratos með brjóst, slík er reiðin og harkan. En leikurinn er þriðju persónu hasarleikur þar sem leikmenn þurfa bæði að skjóta á allt og alla og einnig að klifra uppum fjöll og firnindi. Allt virkar þetta mjög vel, Lara getur skýlt sér á bakvið hluti sem

nýtist vel í skotbardögnum og svo er hún kvenna klárust þegar kemur að klifrinu. Söguþráður leiksins er mjög langur og endist leikurinn því mjög vel. Ofan á hann leggst svo netspilun sem er ágætis viðbót, en eflaust fáir sem munu endast þar. Eitt helsta vopn Lóru Croft er bogi og nýtist hann vel til að taka niður óvini hljóðlega og úr fjarlægð, en auk bogans geta leikmenn gripið í vélbyssur, skammbyssur, haglabyssur og fleira. Það er óhætt að segja að Lara Croft sé mætt aftur og nú nýtir hún tímann vel í að rífa ný rassgöt á fólk og láta vita að hún sé komin aftur og nú til að vera. Grafíkin í leiknum er stórkostleg og sama má segja um tónlist og talsetningu, en þar er allt eins og það á að vera. Þegar öllu er á botninn hvolft er Tomb Raider besti hasarleikur sem ég hef spilað í langan tíma og slær til að mynda út Uncharted-leikina og klárt að Drake á ekki lengur breik.



ÓLAFUR ÞÓR
JÓELSSON

VÍNYLPLÖTUR

PLÖTUSPILARAR

ÚRVAL AF NÝJUM HÁGÆÐA 180/200 gr.
ENDURHLJÓÐBLÖNDUÐUM VÍNYLPLÖTUM



Hljómtæki í hæsta gæðaflokki frá GENEVA • Plötuspilarar frá PRO-JECT
Heyrnatól frá GRADO • Magnarar frá MARANTZ og PRIMALUNA • Hátalarar USHER og MARTIN LOGAN

www.hljomsyn.com
hljomsyn@hljomsyn.com

HLJÓMSÝN

ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5010



Verðlaun
fyrir besta
búninginn

VERTU MEÐ Í BARÁTTUNNI

Á FORRITUNARKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK SÉRÐU BJARGVÆTTI FRAMTÍÐARINNAR
FORRITA ÞAÐ SEM ENGINN MAÐUR HEFUR FORRITAÐ ÁÐUR.

GLÆSILEG VERÐLAUN FYRIR 1.–3. SÆTIÐ, BESTA LIÐ HVERRAR DEILDAR,
FRUMLEGUSTU LAUSNINA OG BESTA MERKIÐ.

LAUGARDAGINN 16. MARS

Kl. 16:20 greina nemendur í tölvunarfræði frá lokaverkefnum sínum í stofu M101.

Kl. 17:30 verða úrslit í Forritunarkeppni framhaldsskólanna kynnt og verðlaun afhent í stofu M101.



forritun.is